

AUGLÝSING

um samning milli ríkisstjórna Íslands og Sovétríkjanna um vísinda- og tæknisamvinnu og samráð á sviði sjávarútvegs og rannsókna á lifandi auðæfum hafsins.

Í dag var gerður í Reykjavík samningur milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Sovétríkjanna um vísinda- og tæknisamvinnu og samráð á sviði sjávarútvegs og rannsókna á lifandi auðæfum hafsins.

Samningurinn gengur í gildi á undirritunardegi — og er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 25. apríl 1977.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Sovétríkjanna um vísinda- og tæknisamvinnu og samráð á sviði sjávarútvegs og rannsókna á lifandi auðæfum hafsins.

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Sovétríkjanna, sem

hafa í huga nauðsyn verndunar, endurnýjunar og skynsamlegrar nýtingar lifandi auðæfa hafsins,

viðurkenna fullveldisrétt hvors landsins um sig, Íslands og Sovétríkjanna, yfir fiskveiðum innan hafsvæðis, sem nær allt að 200 sjómílur frá grunnlinum þeim, sem ákveðnar eru í löggjöf hvors landsins um sig,

eru ásáttar um, að þeim beri ábyrgð og skylda til að gera virkar ráðstafanir til verndunar, endurnýjunar og skynsamlegrar nýtingar lifandi auðæfa hafsins, einkum að því er varðar þá fiskstofna er skipta báða aðila máli, innan og utan allt að 200 sjómílna hafsvæðis hvors aðilans,

taka tillit til starfa Þriðju hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna,

leggja áherslu á mikilvægi vísindarannsókna og skipta á viðeigandi upplýsingum, að því er varðar lifandi auðæfi hafsins,

telja að nauðsynin á verndun, endurnýjun og skynsamlegri nýtingu lifandi auðæfa hafsins skapi þörf á að taka til athugunar og mats af og til hinar ýmsu veiðiaðferðir, sem beitt er,

láta í ljós ánægju sína yfir núverandi samvinnu Íslands og Sovétríkjanna um vísindarannsóknir, er snerta lifandi auðæfi hafsins, bæði tvíhliða og innan vébanda Alþjóðahafrannsóknaráðsins og annarra alþjóðasamtaka,

óska að leggja grundvöll að frekari þróun og eflingu vísindasamvinnu Íslands og Sovétríkjanna á sviði lifandi auðæfa hafsins, einkum að því er varðar fiskstofna,

er skipta bæði ríkin máli, og að auðvelda tæknisamráð, að því er snertir veiðiaðferðir og geymslu, flutning og vinnslu sjávarafurða, og

hafa að leiðarljósi þá ósk að efla og styrkja vináttutengsl milli Íslands og Sovétríkjanna,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Í því skyni að stuðla að þróun ráðstafana til verndunar, endurnýjunar og skynsamlegrar nýtingar lifandi auðæfa hafsins, einkum í Norður-Atlantshafi, munu aðilar þessa samnings í samræmi við gildandi rétt hvors um sig hafa samvinnu og samráð og skiptast á upplýsingum, bæði tvíhliða og fyrir milligöngu hlutaðeigandi alþjóðasamtaka, um vísindarannsóknir, er snerta lifandi auðæfi hafsins.

2. gr.

Aðilar þessa samnings munu, í samræmi við gildandi rétt hvors um sig, ráðgast og skiptast á upplýsingum um veiðiaðferðir svo og tækniatriði, er varða veiðarfæri, byggingu fiskiskipa og geymslu, flutning og vinnslu sjávarafurða.

3. gr.

Til að vinna að markmiðum þessa samnings skulu samningsaðilar setja á fót samstarfsnefnd. Eftir að samningur þessi hefur gengið í gildi mun hvor aðili um sig tilnefnda fulltrúa og varafulltrúa í nefnd þessa og tilkynna hinum aðilanum nöfn þeirra. Stefnt skal að því, að nefndin komi saman eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

4. gr.

Nefnd sú, sem rætt er um í 3. gr., skal fjalla um öll málefni, sem upp koma í sambandi við framkvæmd samnings þessa, svo og önnur þau málefni, er samningsaðilar kunna að fela henni til athugunar. Nefndin skal gera áætlanir um samvinnu og samráð, sem gert er ráð fyrir í samningi þessum, og gera tillögur til ríkisstjórnanna beggja eftir því, sem hún telur ástæðu til.

5. gr.

Ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á lagaskoðanir samningsaðila í málum, sem til meðferðar eru á Þriðju hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.

6. gr.

Samningur þessi skal öðlast gildi á undirritunardegi. Hann skal gilda þar til annar hvor samningsaðili segir honum upp. Uppsögn ber að tilkynna með sex mánaða fyrirvara.

Gjört í Reykjavík hinn 25. apríl 1977 í tveimur eintökum á íslensku og rússnesku og skulu báðir textarnir vera jafngildir.

Fyrir ríkisstjórn Íslands:

Einar Ágústsson.
Matthías Bjarnason.

Fyrir ríkisstjórn Sovétríkjanna:

A.A. Ishkov.